

Kópavogsbær
B.t. félagsmálastjóra

Reykjavík, 16.9.2024
Tilvísun: 23080065

Efni: Niðurstöður frumkvæðisathugunar á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna sveitarfélaga.

Þann 29. febrúar 2024 sendi Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) erindi til allra sveitarfélaga á landinu með tilkynningu um frumkvæðisathugun á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna hjá sveitarfélögum. Athugunin, sem framkvæmd var á grundvelli 14. gr. laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV), fól í sér að sendur var spurningalisti til sveitarfélaga landsins sem óskað var eftir að yrði svarað og skilað til GEV ásamt afriti af gildandi reglum viðkomandi sveitarfélags.

Eitt af meginhlutverkum GEV er að hafa eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með og að þjónustan sé m.a. í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga, sbr. 3. gr. laga um GEV. GEV lítur á það sem mikilvægan lið í ytra eftirliti stofnunarinnar að hafa yfirsýn yfir þær stoð- og stuðningsþjónustureglur sem gilda í sveitarfélögum landsins.

Við frumkvæðisathugun GEV var höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 41/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir auk reglugerða og leiðbeininga sem vísað er til í lögnum. Markmið athugunar GEV var að kanna:

- hvort stoð- og stuðningsþjónustureglur sem vísað er til í lögum nr. 38/2018 og lögum nr. 40/1991 séu til staðar hjá sveitarfélögum.
- hvort reglur sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu vísi til nógildandi laga.
- hvort reglur sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu hafi verið settar eftir gildistöku nógildandi laga.
- hvort skilgreint og samræmt verklag við mat á stuðningsþörf sé til staðar hjá sveitarfélögum.

Rétt er að áréttast að markmið athugunar var ekki að leggja mat á innihald og efni reglna að öðru leyti.

GEV hefur nú lokið við greiningu á þeim svörum og gögnum sem bárust stofnuninni og vinnur að útgáfu skýrslu þar sem greint verður frá niðurstöðum athugunarinnar á landsvísu.

GEV þakkar sveitarfélaginu góðar undirtektir og sendir hér niðurstöður sveitarfélagsins úr athuguninni.

Niðurstöður

Meðfylgjandi er samantekt á niðurstöðum athugunar á uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna hjá **Kópavogsbæ**. Athuginin var framkvæmd á grundvelli svara sem bárust frá sveitarfélaginu þann 6. mars 2024.

Ákvæði laga nr. 40/1991 og laga nr. 38/2018 sem kveða á um reglur fyrir stoð- og stuðningsþjónustu eru ýmist á þann veg að *skylt* sé að setja reglurnar eða *heimilt*. Það er engu að síður álit GEV að það sé afar mikilvægt að til staðar séu skýrar reglur um alla þjónustu sem sveitarfélagið veitir, ekki síst með öryggi notenda og gæði þjónustunnar í huga.

Þegar GEV gerir athugasemdir við svör sveitarfélags hér að neðan eru þær annað hvort settar fram sem:

- **ábendingar**, þegar sveitarfélögum er *heimilt* að setja reglurnar sem um ræðir
eða
- **tilmæli um úrbætur**¹, þegar um er að ræða reglur sem sveitarfélögum er *skylt* að setja.

1. Reglur um notendasamninga

Sbr. 28. gr. laga nr. 40/1991 og 10. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru ekki til hjá sveitarfélaginu en eru í vinnslu.

Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að ljúka vinnu við gerð reglna um notendasamninga.

2. Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku nógildandi laga og vísa til þeirra.

3. Reglur um frístundaþjónustu

Sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku nógildandi laga og vísa til þeirra.

4. Reglur um stuðningsfjölskyldur

Sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 38/2018.

Ákvæði um stuðningsfjölskyldur eru innan annarra reglna sveitarfélagsins.

Það er mat GEV að ákvæði um stuðningsfjölskyldur í reglum sveitarfélagsins séu ekki fullnægjandi. Þeirri **ábendingu** er beint til sveitarfélagsins að reglur um stuðningsfjölskyldur skulu að lágmarki kveða á um þau atriði sem tilgreind eru í [Leiðbeinandi reglum fyrir](#)

¹ sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um GEV.

[sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna](#), gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 21. mars 2019.

Þar sem reglur ráðuneytisins hafa ekki verið uppfærðar eftir tilkomu GEV er sérstaklega bent á að stofnunin annast nú útgáfu rekstrarleyfa til einkaaðila sem hyggjast veita þjónustu við fatlað fólk samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélög sbr. II. kafla laga um GEV ([sjá nánar á vefsíðu GEV](#)).

5. Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar

Sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

6. Reglur um akstursþjónustu

Sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

7. Reglur um stuðningsþjónustu

Sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 40/1991.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

8. Reglur um stoðþjónustu

Sbr. 8. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

Hafi sveitarfélagið athugasemdir við eitthvað af ofangreindu er óskað eftir því að þær verði sendar á netfang undirritaðrar (svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is) fyrir **30. september 2024** svo taka megi tillit til þeirra við útgáfu skýrslu GEV um heildarniðurstöður athugunarinnar og við eftirfylgni með úrbótum.

GEV óskar eftir því að sveitarfélagið geri úrbætur í samræmi við ofangreind tilmæli **eigi síðar en 15. september 2025**, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um GEV. Óskað er eftir því að GEV berist upplýsingar þegar úrbótum er lokið ásamt afriti af reglum á netfangið eftirlit@gev.is. Vinsamlegast vísið til málsnúmersins 23080065 þegar upplýsingarnar eru sendar.

Virðingarfyllt,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Svanhildur Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í eftirlitsteymi

